

127

8. des. **Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um aukafjárveitingu til bráða-**
birgðaruppbótar fátækum brauðum. — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í
póknanlegu brjefi frá 4. þ. m.. vil jeg hjer með ákveða, að þeim 1500 kr., sem með 5.
grein fjárukalaga fyrir 1882 og 1883 frá 8. okt. þ. á., eru veittar til bráðabirgðarupp-
bótar fátækum brauðum, auk 700 króna eptirgjafar af árgjaldinu frá Oddaprestakalli
fyrir nefnt fjárhagstímabil, skuli skipt svo sem nú greinir:

1. Gufudalsprestakall	200 kr.
2. Miðgarðsprestakall í Grímsey	200 —
3. Fellsprestakall í Skagafirði	100 —
4. Klyppstaðarprestakall	200 —
5. Hestsþingaprestakall	100 —
6. Tjarnarprestakall á Vatnsnesi	100 —
7. Staðarprestakall í Aðalvík	100 —
8. Desjarmýrarprestakall	200 —
9. Skarðsþingaprestakall	100 —
10. Hvanneyrarprestakall	100 —
11. Lundarbrekkuprestakall	100 —

Þetta undanfelli jeg eigi hjermeð þjónustusamlega að tilkynna yður, til pókn-
anlegrar birtingar fyrir hlutaðeigendum, sem geta fengið hinar veittu upphæðir útborgaðar í
einu lagi hjá landfógeta.

128

18. des.

Auglýsing.

Það kunngjörhist hjermeð, að prentuð hafa verið eyðublöð undir brjefspjöld með
borguðu svári útbúin með frímerkjum:

1. Brjefspjöld til að nota á Íslandi fyrir	10 aura.
2. Brjefspjöld til að senda til Danmerkur fyrir	16 —
3. Brjefspjöld til að senda til annara landa í allsherjar- póstsambandinu fyrir	20 —

Brjefspjöld þessi fást á pósthúsinu í Reykjavík nú þegar, en eptir fyrstu póst-
ferð á næsta ári einnig á öðrum pósthúsum í landinu.

Landshöfðinginn yfir Íslandi. Reykjavík, 18. dag desembr.m. 1883.

Bergur Thorberg

settur.

Jón Jenson

settur.

EMBETTISSKIPUN.

20. desember setti landshöfðingi cand. juris Jóhannes Ólafsson til þess fyrst um sinn frá 1.
jan. 1884 að gegna sýslaninni sem málaflutningsmaður við landsyfirrjettinn í stað Þorsteins
sýslumanns Jónssonar, sem hafði afsalað sjer sýslan þessari frá sama tíma.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Staðarbakki í Húnavatnsprófastsdæmi (Staðarbakka- og Núpssóknir). Þetta prestakall verður
eigi veitt að svo stöddu, en sá, er um það sækir, verður settur til að þjóna því gegn öllum tekjum þess.
Umsóknartíminn er útrunninn 20. jan. 1884. Metið 1088 kr. 18 a. Auglýst 4. des. 1883.